



Til: sigurdur.jonsson@efla.is

Efni: Re: Fw: Deiliskipulagstillaga fyrir Hafnarsvæðið í Borgarfjarðarhreppi

Upplýsingar:

Sent: 27.03.2018 12:13:21 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030029, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030029

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á því hvort auglýsa beri viðkomandi deiliskipulagstillögu að hafnarsvæði við Hafnarhólma Borgarfirði Eystra eins og hún er sett fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagstillagan verði auglýst.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Magnús Guðmundsson/NI.IS
Dags: 14.03.2018 11:16:57
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Deiliskipulagstillaga fyrir Hafnarsvæðið í Borgarfjarðarhreppi

----- Forwarded by Magnús Guðmundsson/NI.IS on 14.03.2018 11:16 -----

From: Móttaka ./NI.IS
To: "Magnús Guðmundsson" <magnusg@hi.is>
Date: 14.03.2018 09:56
Subject: Fw: Deiliskipulagstillaga fyrir Hafnarsvæðið í Borgarfjarðarhreppi
Sent by: Sigrún Fríða Óladóttir

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 14.03.2018 09:55 -----

From: Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>
To: "postur@minjastofnu.is" <postur@minjastofnu.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Cc: Borgarfjarðarhreppur - Jón Þórðarsson <borg@eldhorn.is>
Date: 13.03.2018 14:21
Subject: Deiliskipulagstillaga fyrir Hafnarsvæðið í Borgarfjarðarhreppi

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er ný útgáfa af deiliskipulagi fyrir Hafnarsvæðið á Borgarfirði Eystri þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir sem fram koma í bréfi frá Skipulagsstofnun sem hér fylgir með.

Óskað er eftir afstöðu ykkar til meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi og hvort þið eruð samþykki því að hún verði auglýst svona eða leggist gegn því og þá á hvaða forsendum svo við getum brugðist við með viðeigandi breytingum .

Óskað er eftir því að þessu verði svarað við fyrsta hentugleika .

Bestu kveðjur
Sigurður Jónsson

Byggingarfulltrúi í Borgarfjarðarhreppi.

kveðja

Sigurður Jónsson

Byggingarverkfræðingur C.S

Umhverfi og samgöngur

sigurdur.jonsson@efla.is

Tel: +354 4126531

Mobile: +354 665 6531

EFLA hf.

Egilsstaðir

www.efla.is

[Map](#)

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

From: Þórhallur Pálsson [<mailto:strympa@strympa.is>]

Sent: mánudagur, 12. mars 2018 10:52

To: borg@eldhorn.is

Cc: Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>

Subject: Skipulagið fyrir Hafnarsvæðið

Sæll Jón ! (Sigurður J fær afrit).

Hjálagt er bréfið frá Möllu, ásamt uppfærðum uppdrætti og nýrri útgáfu af greinargerðinni. Hægt er að sjá (Kafli 0) yfirlit yfir þær breytingar sem ég gerði á greinargerðinni.

Kveðja, Þórhallur P



Strympa - skipulagsráðgjöf
Þórhallur Pálsson arkitekt FAÍ
Eiðavöllum 2 - 701 Egilsstöðum
Símar: 471 2490 / 863 3682



Deiliskipulag-A-B-C-breytt_A1.pdf Greinargerð - útgáfa 3.pdf Skipulagsstofnun 001 (2).pdf